

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

16. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga þriðjudaginn 2. september árið 2008. Fundurinn var haldinn hjá Þingeyjarsveit að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Fundinn sátu:

Eiður Árnason, Kristján Snæbjörnsson, Jóhannes Steingrímsson, Kolbeinn Kjartansson, Helgi Hallsson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **200804041 – Erindi frá Halldóru Jónsdóttir og Guðmundi Hallgrímssyni Grímshúsum, Aðaldal**

Halldóra Jónsdóttir og Guðmundur Hallgrímsson sækja um byggingarleyfi fyrir einbýlishús á lóð úr landi Múla 2, Aðaldal. Húsið er timburhús á steypum grunn 119,0 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Per Langsøe Christensen hjá Mannviti ehf.

Erindið var áður tekið fyrir á fundi nefndarinnar 10. apríl s.l. og þá samþykkt að grenndarkynna erindið, leita samþykkis Skipulagsstofnunar og kalla eftir þinglýstum lóðarsamningi. Umsækendur hafa skilað inn áritun nágranna og lóðin er þinglýst eign þeirra.

Byggingar- og skipulagsnefnd telur komin fullnægjandi gögn og samþykkir því erindið.

2. **200808023 - Erindi frá ábúendum að Fagranesi, Aðaldal**

Guðmundur Sigurðsson, Sigurveig Jónsdóttir og Friðfinnur Sigurðsson óska eftir byggingarleyfi fyrir einbýlishús að Fagranesi. Húsið er timburhús á steypum grunn 258 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Haraldi Árnasyni.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um jákvæða umsögn fornleifaverndar.

3. **200807065 - Erindi frá Jónasi Vilhjálmsyni Einbúabla 18a, Egilsstöðum**

Jónas Vilhjálmsson óskar er eftir byggingarleyfi fyrri frístundahús á landi hans að Sílalæk, Aðaldal. Húsið er timburhús 66,6 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Einari Ólafssyni hjá Arkís ehf.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um jákvæða umsögn fornleifaverndar og nágranna.

4. **200808018 - Erindi frá Mörgum smáverkum ehf.**

Mörg smáverk ehf. sækja um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Stekkjarbyggð 4, Lundsskógi. Húsið er hlaðið úr holsteini og klætt að utan með krossviði 92,0 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Birgi Ágústssyni.

Byggingarnefnd telur erindið í samræmi við deiliskipulag og samþykkir því erindið.

5. **200808019 - Erindi frá Mörgum smáverkum ehf.**

Mörg smáverk ehf. sækja um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Stekkjarbyggð 6, Lundsskógi. Húsið er hlaðið úr holsteini og klætt að utan með krossviði 92,0 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Birgi Ágústssyni.

Byggingarnefnd telur erindið í samræmi við deiliskipulag og samþykkir því erindið.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

6. **200808039 - Erindi frá Stefaníu Halldóru Stefánsdóttur Ytri-Neslöndum, Skútustaðahreppi**
Stefanía Halldóra Stefánsdóttir óskar eftir byggingarleyfi fyrir einbýlishús á lóð úr landi Ytri-Neslanda. Húsið er bjálkahús á steiptum undirstöðum samtals 78,4 m². Teikningar eru unnar af Sæmundi Eiríkssyni hjá Klöpp ehf.
Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um jákvæða umsögn fornleifaverndar og fyrirvara um þinglýstan lóðarsamning.

7. **200807064 - Erindi frá Yngva Ragnari Kristjánssyni Skútustöðum 2c**
Óskað er eftir leyfi til að setja upp loftnetskúlu og fjarskiptalofnet Og fjarskipta á Hótel Mývatn. Teikningar eru unnar af Ríkharði Oddssyni hjá Erro hönnun.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. **200808054 – Erindi frá Brynjari Inga Skaptasyni Hamarstíg 35, Akureyri**
Brynjar Ingi Skaptason óskar eftir undanþágu á byggingarskilmálum varðandi hæð á húsi sem fyrirhugað er að reisa að Stekkjarbyggð 19 í landi Lundar í Fnjóskadal. Hámarkshæð húsa er ákveðin 5,5 m en beiðnin er um að hækka risið í 5,8 m.
Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki landeiganda og skil á fullnægjandi teikningum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15⁰⁰.

Eiður Árnason
Kristján Snæbjörnsson
Jóhannes Steingrímsson
Kolbeinn Kjartansson
Helgi Hallsson
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi